

FUNDARGERÐ

409. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 30. mars 2006 kl. 17:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn sveitarstjórnar. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu.

Oddviti, Elín Einarsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Oddviti leggur til dagskrárbreytingu þannig að bætt verði við liðum I-2, I-3, I-4 og III-11. Samþykkt samhljóða.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð landbúnaðarnefndar frá 29. mars 2006.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð rekstrarnefndar Hjallatúns frá 28. febrúar 2006.

Á fundinum var lögð fram fjárhagsáætlun fyrir árið 2006. Þar er gert ráð fyrir að rekstrartekjur verði um 77,9 millj. kr. og rekstrarkostnaður 89,0 millj.kr. Því er útlit fyrir að rekstrarhali ársins verði um 11,1 millj. kr. Rekstarnefnd óskar eftir 5 millj. kr. framlagi fyrir árið 2005 frá Mýrdalshreppi til reksturs heimilisins á móti reiknaðri húsaleigu.

Í fundargerðinni kemur einnig fram að daggjöld fyrir hjúkrunarrými verða kr. 13.513,- og fyrir vistrými kr. 6.213,-

Fundargerðin samþykkt.

Sveitarstjórn lýsir yfir þungum áhyggjum af rekstri heimilisins og krefst þess að ráðuneyti heilbrigðismála og fjármála taki sig saman í andlitinu og lagfæri rekstrargrundvöll dvalar- og hjúkrunarheimila hið fyrsta. Augljóst er að núverandi daggjöld geta engan vegin staðið undir rekstri lítilla heimila eins og Hjallatúns.

3. Fundargerð skólanefndar frá 7. mars 2006.

Fundargerðin samþykkt.

4. Fundargerð skipulags- og byggingarnefndar frá 7. mars 2006.

Á fundinum var m.a. eftirfarandi bókað:

Skipulags- og byggingarnefnd er sammála um að gert verði ráð fyrir nýrri legu Hringvegar 1 sunnan Víkurþorps, um jarðgöng gegnum Reynisfjall og yfir mýrarnar norðan náttúruminjasvæðis og gegnum Geitafjall með tengingu inn á núverandi veg í námunda við afleggjara að Litla-Hvammi. Gert verði ráð fyrir vegi upp með Brandslæk og einnig vegtengingu við Dyrhólaey austan Geitafjalls. Sjóvarnargarður sunnan Víkur verði lagður þannig að nægt rými verði fyrir veg og gönguleið milli íþróttavallar og sjóvarnargarðs. Sem mótvægisáðgerð vegna vegagerðar yfir mýrarnar verði skoðað hvort endurheimta megi votlendi báðu megin hins nýja vegar þar sem um er að ræða land óhæft til landbúnaðarnota. Nefndin telur ekki koma til álita að gera ráð fyrir Hringvegi 1 í gegnum Vík til allrar framtíðar og telur einnig að ekki sé raunhæft að gera jarðgöng við Borgarhól norðan Víkur. Gangnamunni í Reynisdal eða norðan Hnúksins við Reyni kemur vart til greina vegna nálægðar við mannvirki og vegna mikillar umferðar um Reynishverfisveg sem liggur um bæjarhlað að Lækjarbakka og Reyni. Nefndin er einnig sammála að veglína og tenging við Víkurskála verði skoðuð nánar með tilliti til þeirrar starfsemi sem fram fer á því svæði.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerð skipulags- og byggingarnefndar.

Sveinn vék af fundinum undir lið 6.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Rangárþings ytra dags. 13. mars 2006.

Með bréfinu vill sveitarstjórn Rangárþings ytra kanna áhuga sveitarstjórnar Mýrdalshrepps á að taka þátt í að kanna möguleika á stofnun framhaldsskóla í Rangárvallasýslu.

Sveitarstjórn lýsir yfir áhuga á að fylgjast með framgangi málsins.

2. Bréf SAMAN hópsins dags. 15. mars 2006.

Samþykkt að styrkja starf hópsins með 5.000,- kr. framlagi.

3. Lóðaumsóknir.

Samþykkt að úthluta Eggerti Skúlasýni lóðinni Sunnubraut 10 og Kolbrúnu Ósk Guðjónsdóttur lóðinni Sunnubraut 8. Báðar lóðirnar eru til ætlaðar til íbúðarhúsabygginga. Sigurbjörg Sigurbjörnsdóttir dró umsókn sína til baka.

III. Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu.

1. Green Globe.

Fyrir liggja fundargerð stofnfundar byggðasamlagsins Green Globe 21 í Rangárvalla- og Skaftafellssýslum bs, samþykktir og stofnsamningur. Tilgangur byggðasamlagsins er að koma á fót og reka umhverfsvottunarverkefnið Green Globe 21 og veita aðilum byggðasamlagsins þjónustu.

Sveitarstjórn staðfestir þátttöku Mýrdalshrepps í byggðasamlaginu og að Sif Hauksdóttir verði fulltrúi Mýrdalshrepps í stjórn byggðasamlagsins.

2. Atvinnu- og ferðamála verkefni.

Fyrir liggja fundargerðir samráðsfundar sveitarfélaganna í Rangárþingi og Mýrdal um verkefni atvinnu- og ferðamála fulltrúa ásamt fundargerðum stjórnar byggðasamlagsins.

Sveitarstjórn samþykkti ósk stjórnar byggðasamlagsins um umboð til að auglýsa eftir nýjum starfsmanni, forstöðumanni markaðsmála í Rangárþingi og Mýrdal í stað atvinnu- og ferðamála fulltrúa.

3. Samgönguáætlun 2007-2010, sjóvarnir.

Skv. fyrirliggjandi bréfi Siglingastofnunar dags. 27. febrúar 2006 er hafin vinna við endurskoðun Samgönguáætlunar fyrir árin 2007 og 2008, jafnframt því sem unnið er að áætlun um það sem framkvæma skal á árunum 2009 og 2010. Skv. gildandi áætlun er gert ráð fyrir 4,7 millj. kr. á þessu ári til rannsókna og undirbúnings vegna sjóvarnargarðs í Vík. Ekki er gert ráð fyrir framlögum á árunum 2007 og 2008.

Sveitarstjórn telur brýnt að gert verði ráð fyrir framlögum á árinu 2007 til undirbúnings útboðs og að framkvæmdir við grjótvörn hefjist á árinu 2008 og verði fram haldið árlega eins og þurfa þykir.

4. Umsögn um frumvarp um lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði.

Sveitarstjórn ítrekar bókanir sínar frá fundum 403 og 404 og leggur áherslu á að komi til þess að lögregluvald verði tekið frá embætti sýslumannsins í Vík verði tryggt; að lögreglustöð verði hér áfram, að lögreglumönnum í sveitarfélaginu verði ekki fækkað og að þeir mæti til vinnu sinnar á lögreglustöð í Vík. Jafnframt verði tryggt að ný störf verði flutt til embættis sýslumannsins til eflingar embættinu.

5. Aukaaðalfundur SASS

Aukaaðalfundur SASS verður haldinn á miðvikudaginn 26. apríl. Samþykkt að Elín, Bryndís og Sveinn fari með atkvæði Mýrdalshrepps á fundinn og Karl og Sif verði til vara.

6. Ársreikningur 2005, seinni umræða.

Ársreikningur Mýrdalshrepps fyrir árið 2005, undirritaður án athugasemda af endurskoðanda og skoðunarmönnum, var til fyrri umræðu á fundi sveitarstjórnar 27. febrúar sl. og þá vísað til seinni umræðu. Niðurstaða samstæðureiknings sveitarfélagsins sýnir heildareignir að fjárhæð 366,0 millj. kr., skuldir og skuldbindingar 225,5 millj. kr. og hafa þær hækkað um 20,6 millj. kr. frá fyrra ári. Samantekið eigið fé samstæðunnar er 140,5 millj. kr. Handbært fé frá rekstri er 25,3 millj. kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjárumunum er 32,3 millj. kr. Afborganir langtímalána eru 10,7 millj. kr. og tekin ný langtímalán 40,0 millj. kr. Í A-hluta rekstrarreiknings (aðalsjóði, eignasjóði og þjónustudeild) kemur fram að heildartekjur sveitarfélagsins eru 211,8 millj. kr. þar af skatttekjur 116,5 millj. kr, framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 63,6 millj. kr. og aðrar tekjur

31,6 millj. kr. Rekstur málaflokka ásamt eignasjóði nam 203,8 millj. kr. með afskriftum. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 2,8 millj. kr. og rekstrarniðurstaða samstæðu var á pari. Rekstur sveitarfélagsins hefur batnað umtalsvert frá fyrra ári þegar rekstrarniðurstaða var neikvæð um 14 millj.kr. Aðhald í rekstri og auknar tekjur hafa skilað þessum árangri og gert sveitarfélaginu kleyft að standa undir þeirri uppbyggingu sem unnið hefur verið að í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn og sveitarstjóri staðfesta fyrirbyggjandi ársreikning með undirritun sinni.

7. Sorphirða.

Fyrir liggja drög að breyttu fyrirkomulagi sorphirðu þar sem gert er ráð fyrir hirðu heimilisúrgangs á 14 daga fresti allt árið og verulega aukinni endurvinnslu endurvinnanlegs úrgangs.

Sveitarstjóra er heimilað að leita eftir samningi um sorphirðu við verktaka á grunni fyrirbyggjandi gagna.

8. Skólaakstur.

Sveitarstjóra er heimilað að framlengja samning um skólaakstur um tvö ár eins og gert er ráð fyrir í fyrirbyggjandi samningi.

9. Vegamál.

Sveitarstjórn samþykkir að ítreka fyrri óskir um að vegur inn Höfðabrekku- og Kerlingardalsheiðar og allt inn í Þakgil verði færður í landsvegaskrá Vegagerðarinnar. Einnig samþykkir sveitarstjórn að sækja um frekari styrk úr styrkvegaskrá til að lagfæra veg upp á Reynisfjall sem og styrk til að lagfæra afréttisvegi. Þá er sveitarstjóra falið að óska eftir að umdæmisstjóri og þjónustustjóri Vegagerðarinnar á Suðurlandi komi til fundar við sveitarstjórn og vegahóp hið fyrsta.

10. Ketilsstaðir.

Lögð fram til kynningar drög að húsaleigusamningi við Geislabrot.

Bryndís leggur fram eftirfarandi bókun:

Skólahúsnæðið að Ketilsstöðum verði selt. Sveitarstjóra verði falið að hefja viðræður við aðra eigendur hússins, það síðan auglýst á opinberum markaði og selt hæstbjóðanda. Söluandvirði eignarinnar verði notað til að greiða niður langtímalán sveitarsjóðs.

11. Þakgil.

Sveitarstjóra er heimilað að ganga frá sölu á aðstöðuhúsinu í Þakgili til rekstraraðila á kr. 500.000,-

IV. Efni lagt fram til kynningar:

- 1. Bréf félagsmálaráðuneytis dags. 14. mars 2006.**
- 2. Bréf Landgræðslu ríkisins dags. 2. mars 2006.**
- 3. Green hostel – kynning farfuglaheimilisins Norður-Vík**
- 4. Fundargerð 48. fundar barnaverndarnefndar frá 8. mars 2006.**
- 5. Fundargerð 393. fundar stjórnar SASS frá 15. mars 2006.**
- 6. Fundargerð 85. fundar stjórnar Skólaskrifstofu frá 22. mars 2006.**
- 7. Fundargerð 84. fundar heilbrigðisnefndar frá 14. mars 2006.**
- 8. Fundargerð 214. fundar Launanefndar sveitarfélaga frá 1. mars 2006.**

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 23:00

Elín Einarsdóttir
oddviti

Bryndís F. Harðardóttir
varaoddviti

Sveinn Pálsson

Sif Hauksdóttir

Karl Pálmason